

# REGLUR

## um breytingu (24) á reglum nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands.

### 1. gr.

Við 3. mgr. 54. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Verkfræðideild er með sama hætti heimilt að veita háskólagráðuna *Master of Project Management*, MPM, að loknu 45 eininga endurmenntunarnámi.

### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 87. gr.:

1. Við upptalningu 1. mgr. á kennslugreinum í læknadeild bætast:

Til B.S.-prófs í geislafræði.

Til B.S.-prófs í lífeindafræði.

2. Þriðja málsgrein breytist og verður svohljóðandi:

Læknadeild veitir kennslu í læknisfræði, sjúkraþjálfun, geislafræði og lífeindafræði. Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli læknisfræðiskorar, sjúkraþjálfunarskorar og geisla- og lífeindafræðiskorar, eftir ákvörðun deildarfundar. Hver skor fer í umboði deildarfundar með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor og gerir tillögur til deildarforseta um ráðningu stundakennara, svo og um nauðsynlegar fjárveitingar og ný störf, sbr. ákvæði II. kafla þessara reglna.

### 3. gr.

Aftan við 3. másl. 3. mgr. 88. gr. kemur nýr málslíður svohljóðandi: Kennsla í geislafræði og í lífeindafræði miðast við að á þremur árum megi ljúka námi til B.S.-prófs, en að því loknu tekur við nám á meistarastigi sem leiðir til starfsréttinda, skv. nánari reglum þar að lútandi.

### 4. gr.

Fyrsti málslíður 2. mgr. 89. gr. breytist og verður svohljóðandi: Deildin gerir árlega, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur til háskólaráðs um takmörkun á fjölda stúdenta í læknisfræði, sjúkraþjálfun, geislafræði og lífeindafræði.

### 5. gr.

Fyrsta málsgrein 90. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Nám í læknisfræði til embættisprófs jafngildir 180 námseiningum, nám til B.S.-prófs í sjúkraþjálfun jafngildir 120 námseiningum, nám til B.S.-prófs í geislafræði jafngildir 90 námseiningum og nám til B.S.-prófs í lífeindafræði jafngildir 90 námseiningum. Sá sem lokið hefur embættisprófi í læknisfræði ber próftitilinn *candidatus medicinae* (cand. med.). Sá sem hefur lokið fullnaðarprófi í sjúkraþjálfun ber titilinn *baccalaureus scientiarum* (B.S.) í sjúkraþjálfun og sá sem lokið hefur 90 eininga námi í geislafræði eða lífeindafræði ber titilinn *baccalaureus scientiarum* (B.S.) í geislafræði/lífeindafræði, eftir því sem við á.

### 6. gr.

Aftan við 107. gr. reglnanna kemur ný grein, 107. gr. a., með heitið: **MPM-nám** og svohljóðandi ákvæði:

Deildinni er heimilt að veita prófgráðuna MPM að loknu 45 eininga endurmenntunarnámi á vegum deildarinnar, enda sé farið eftir ákvæðum 14. gr. reglna þessara.

Við inntöku í MPM-nám skal nemandi hafa lokið háskólagráðu, B.A.-, B.S.- eða B.Ed.-prófi eða samsvarandi, og að jafnaði hafa þriggja ára reynslu úr atvinnulífinu.

Deildin setur nánari reglur um inntökuskilyrði, námsleiðir og námskröfur í samþykktum um námið, sem háskólaráð staðfestir.

7. gr.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 13. júní 2005.*

**Páll Skúlason.**

*Tryggvi Þórhallsson.*

## REGLUGERÐ

### um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu.

1. gr.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES-samningsins (flutningastarfsemi), bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002/EB frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, merkt fylgiskjal I, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 179/2004 frá 9. desember 2004, merkt fylgiskjal II. Reglugerðin skal gilda hér á landi með þeirri aðlögun sem kemur fram í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.
2. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1643/2003 frá 22. júlí 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1592/2002 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, merkt fylgiskjal III samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 15/2005 frá 4. febrúar 2005.
3. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1701/2003 frá 24. september 2003 um aðlögun 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, merkt fylgiskjal IV, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 15/2005 frá 4. febrúar 2005.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 7. mgr. 28. gr. og 2. mgr. 146. gr. loftferðalaga nr. 60/1998, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. júlí 2005.

*Samgönguráðuneytinu, 20. júní 2005.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*